

Nr. 18-180 S 123 Þórunn Sveinsdóttir VE 401**Skipverji slasast á hendi**

Skipaskr.nr.: 2401 *IMO nr.*: 9463360
Útgerð: Ós ehf.
Smíðaður: Danmörku 2010, stál
Stærð: 778,9 bt.
Mesta lengd: 40,06 m *Skráð lengd:* 35,77 m
Breidd: 11,2 m *Dýpt:* 7,09 m
Vél: M A K 540 kW 2009
Fjöldi skipverja: 15



Þórunn Sveinsdóttir © Jón Páll Ásgeirsson

Gögn:

Gögn RNSA

Málið afgreitt á fundi 24. maí 2019 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni og Hirti Emilssyni.

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 3. september 2018 var Þórunn Sveinsdóttir VE 401 á togveiðum á SA miðum. Veður: Blíða.

Skipverjinn var að færa til fiskikör í lest þegar hann klemmdi litla fingur vinstri handar á milli fiskikara með þeim afleiðingum að fingurinn brotnaði.

Við rannsókn kom fram:

- að tveir skipverjar voru að setja niður fiskikar í stæðu í annarri hæð í fiskilest og þegar þeir slepptu því varð annar þeirra með fingur á milli;
- að skipverjinn var ekki lögskráður á skipið í þessari ferð.

Nefndarálit:

Málið hefur verið skráð en gefur ekki tilefni til frekari rannsóknar.

Nefndin ítrekar fyrri ábendingar um tilgang og gildi lögskráningar skipverja.